



RANGÁRÞING EYSTRÁ

Rangárþing ytra
b.t. Ágústur Sigurðssonar, sveitarstjóra
Suðurlandsvegi 1
850 Hella

Hvolsvelli, 20. september 2016

Efni: Vatn úr vatnsveitu Vestur-Laneyja á Bakkabæi, Rangárþing ytra.

Á sínum tíma sennilega í kringum 1966-1967 var lögð vatnsveita frá Tungu í Fljótshlíð niður um Vestur-Landeyjar og í leiðinni var lögð vatnslögn á Bakkabæi sem tengd var Tunguveitunni.

Nú er langur tími liðinn síðan þessi lögn var lögð og það er farið að bera á auknu viðhaldi á henni. Einnig hefur vatnsnotkun aukist víðast hvar frá upphafi lagnarinnar. Af þeim sökum hefur Rangárþing eystra þurft að leggja í umtlasverðan kostnað til að fullnægja vatnspörf í Vestur-Landeyjum og á Bakkabæjum m.a. með tengingu við vatnsveitu Hvolsvallar og nágrennis en vatnið í veituna er tekið úr Krappa í landi Árgilsstaða.

Bakkabæir hafa ekki greitt vatnsgjald til Rangárþings eystra fram til þessa en nú fer Rangárþing eystra fram á að því verði breytt og Bakkabæir greiði vatnsgjald til jafns við íbúa Rangárþings eystra. Það mætti t.d. vera með eftirfarandi hætti:

- Einn mælir fyrir allt hverfið (Ry fengi reikninginn – innheimti sjálft)
- Mælar á öll býlin – og Rangárþing eystra innheimti.
- Býlin tilheyrðu vatnsveitu Rangárþings eystra og Rangárþing eystra myndi innheimta vatnsgjald til jafns við aðra neytendur í Rangárþingi eystra.

Við biðjum sveitarstjórn Rangárþings ytra að taka þessi mál til skoðunar og afgreiðslu með það í huga að hægt verði að leggja á vatnsgjald við næstu álagningu fasteignagjalda 2017.

Vonumst til að heyra frá ykkur sem fyrst varðandi erindið.

Virðingarfyllst,

f.h. Rangárþings eystra

Ísólfrur Gylfi Pálmason, sveitarstjóri